

III. fundur

Þriðji fundur ETA deildar starfsárið 2006-2007, sem jafnframt var jólafundur, var haldinn þriðjudaginn 5. desember 2006 í húsakynnum heimilisfræðideildar KHÍ í Skipholti.

1. Guðrún Hrefna, formaður, setti fund og bauð fundargesti velkomna. Hún greindi stuttlega frá næsta fundi sem haldinn verður 5. febrúar og fjalla mun um hlutverk, stefnumótun og framtíðarsýn deildarinnar.
 2. Stefanía kveikti á kertum.
 3. Kirsten Friðriksdóttir flutti orð til umhugsunar og tengdi þau dönsku jólahaldi að hætti fjölskyldu hennar.
 4. Auður las fundargerð síðasta fundar.
 5. Sest var að fagurlega skreyttu jólaborði og gæddu gestir sér á ljúffengum veitingum. Stefanía og hennar hópur sáu um veisluföng og skreytingar að vanda.
 6. D. Jörgen Pind, prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands var gestur þetta kvöld. Hann las upp úr bók sinni um Guðmund Finnbogason og ræddi ýmsar hliðar hennar. Það var mjög fróðlegt að fræðast um þennan merka menntafrömuð sem hafði mikil áhrif á sinni tíð og er enn hátt skrifaður. Athyglisvert var að hlusta á Jörgen gera grein fyrir sálfræðikenningum Guðmundar sem á sínum tíma vöktu ekki mikla athygli en hafa síðan öðlast nýtt líf. Miklar umræður urðu og margir vildu forvitnast um þennan merka mann.
 7. Guðrún Hrefna sleit fundi og þakkaði fundarkonum samveruna og Stefaníu og hennar hópi vel skipulagt jólateiti.
- Að loknu borðhaldi spjölluðu fundarkonur óformlega saman um stund áður en haldið var heim á leið eftir góða samveru.
- Auður Torfadóttir skráði.